



Fundargerð

513. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, miðvikudaginn 13. nóvember 2024.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna til fundar og setti fundinn klukkan 15.16.

Oddviti lagði til að dagskrárliður númer 28 í boðaðri dagskrá færdist fram og yrði tekinn fyrst á dagskrá, var þessi tillaga samþykkt. Oddviti greindi frá því að ný og uppfærð gögn hefðu borist frá Minjastofnun Íslands þann 12. nóvember 2024 og væru þau lögð til grundvallar dagskrálið 23 í boðaðri dagskrá.

Fundargerðir:

1. 2410003F - Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 3

1.1 2410020 - Qair Iceland

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 3

Þessum dagskrálið var frestað til næsta fundar.

1.2 2401032 - Ásar 1

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 3

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falin fullnaðarafgreiðsla á deilskipulaginu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða, ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.

1.3 2410021 - Orkusalan

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 3

Skipulags- umhverfisráð samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.

1.4 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 3

Óskar Örn Gunnarsson, skipulagsfulltrúi fór yfir stöðu á endurskoðun Aðalskipulags Skaftárhrepps.

BHS
Shi - AL
GS
1601



1.5 2410022 - Umhverfisverðlaun Skaftárhrepps 2024

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 3

Formaður greindi frá niðurstöðu umhverfisverðlauna Skaftárhrepps 2024. En verðlaunin voru afhent við setningu Uppskeru og þakkarhátíð sveitarfélagsins, þann 17. október síðast liðinn. Eftirfarandi aðilar fengu viðurkenningar: Syðri-Fljótar, fegursta lögbýli, Skaftárvellir 6, Kirkjubæjarklaustri, sem fegursta hús og lóð í þéttbýli og Magmahotel sem fegursta umhverfi fyrirtækis. Skipulags- og umhverfisráð óskar verðlaunahöfum til hamingju með tilnefningarnar.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, óskar verðlaunahöfum til hamingju með tilnefningarnar.

2. 2411004 - Velferðarráð Skaftárhrepps

Lögð fram fundargerð 4. fundar Velferðarráðs Skaftárhrepps frá 7. nóvember 2024.

Sveitarstjórn tekur sérstaklega til umfjöllunar liði 1,2 og 3 í fundargerð Velferðarráðs.

Liður 1: Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun vegna bókunar minnihluta í Velferðarráði:

„Undanfarin ár hafa skólamál hér í Skaftárhreppi átt á brattann að sækja. Ekki eru allir sammála því hvað veldur en ljóst er að breytingar á skólastarfi voru nauðsynlegar. Sveitarstjórn ber ábyrgð á skólamálum sveitarfélagsins og hefur þurft að taka ýmsar erfiðar ákvarðanir um skólastarfið. Hverskonar breytingar á starfsumhverfi bæði nemenda og starfsfólks skólans hafa áhrif á alla hlutaðeigandi. Sumir taka þessu breytingum létt, fyrir aðra er þetta því miður mjög erfitt. Það er eðli breytinga að þær taka á, þó nauðsynlegar séu. Skv lögum um grunnskóla eiga öll skólaskyld börn rétt á lögboðinni fræðslu. Það er einnig mikilvægt að bæði nemendum og starfsfólki skólans liði vel í sínu starfi. Þær breytingar sem þegar hafa verið gerðar á skólastarfi eru allar liður í þeirri vinnu að gera grunnskólann að betri vinnustað fyrir nemendur og starfsfólk. Umbótum á skólastarfi er þó hvergi nærri lokið og meirihluti sveitarstjórnar leggur áherslu á að til að ná fram frekari umbótum, er nauðsynlegt að sveitarstjórn, skóli og samfélagið allt eigi gott og uppbyggilegt samstarf.

Meirihluti sveitarstjórnar harmar ómaklega orðræðu gagnvart nemendum Kirkjubæjarskóla. Sú orðræða hefur átt sér stað bæði í ræðu og riti og er síst til þess fallin að hvetja nemendur til góðra verka.“

**Fulltrúi minnihluta bað um fundarhlé
Hlé var gert á fundinum klukkan 17.20
Fundi framhaldið klukkan 17.30**

BMS
Shi Ah
95- 1602 GFS



Ég Sveinn H. Jensson fulltrúi XD og óháðra lýsi yfir áhyggjum af vinnubrögðum meirihluta sveitarstjórnar og sveitastjóra í tengslum við sameiningu leik- og grunnskóla í Skaftárhreppi. Að mínu mati hefur skort á gagnsæi, fagmennsku, viðeigandi undirbúning og upplýsingagjöf í þessu ferli. Ákvarðanir hafa verið teknar án nægilegs samráðs við foreldra, starfsfólk og aðra hagaðila í skólasamfélaginu, sem hefur leitt til vantrausts og óánægju.

Að mínu mati hefur skort á nauðsynlegri eftirfylgni og yfirsýn á vinnu verkefnastjóra er snýr að sameiningu skólastiganna. Ég tel að meirihlutinn hafi ekki brugðist nægilega hratt við þeim áskorunum sem upp hafa komið innan skólans á þessu haustmisseri, þar á meðal skorti á kennurum og stuðningi við nýja stjórnendur.

Þá gagnrýni ég birtingu greinar fráfarandi skólastjóra Valgeirs J. Guðmundssonar í opinberu fréttabréfi sveitarfélagsins, þar sem umfjöllun var einhliða og vegið var að nemendum og foreldrum á ófaglegan og óviðeigandi hátt. Þessi birting hefur að mínu mati skaðað traust foreldra og samfélagsins til skólans og sveitarfélagsins. Útgáfa fréttabréfsins er alfarið á vegum meirihluta sveitarstjórnar og sveitarstjóra sem er jafnframt ábyrgðarmaður fréttabréfsins.

Ættu viðkomandi aðilar skilyrðislaust að biðjast afsökunar á að láta þessa umfjöllun frá sér. Ég ítreka að fulltrúa XD og óháðra var ekki kunnugt um dreifingu fréttabréfsins og hvað þá grein skólastjóra.

Ég legg áherslu á mikilvægi þess að endurreisa traust innan skólasamfélagsins sem og sveitarfélagsins og tryggja að Skaftárhreppur fylgi skýrum verklagsreglum og siðareglum í öllum ákvörðunartökum og ekki síst sem varða skólastarf og velferð nemenda. Jafnframt er það skylda hvers sveitarfélags að fylgja ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem fela í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn heimsins þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorönu og að börn hafa rétt til að koma skoðunum sínum á framfæri. Þetta er mikilvægur liður í að byggja upp traust, svo að skólastarf verði farsælt til framtíðar hér í Skaftárhreppi.

Í ljósi ofangreindra atriða kalla ég eftir því að fram fari óháð stjórnarsýsluúttekt á sameiningarferlinu og vinnubrögðum meirihlutans í þessu máli. Slík úttekt mun veita sveitarfélaginu mikilvægan lærdóm og stuðla að því að framtíðar ákvarðanir og breytingar í skólamálum sem og í öðrum málaflokkum verði betur undirbúnar, faglegri og í samráði við alla hlutaðeigandi aðila.

Ég fagna aðkomu Skólaþjónustu V- Skaftafellssýslu að stjórnun skólans og bind vonir við að með aðkomu Miðstöð menntunar og þjónustu verði nám, velferð og öryggi nemenda sett í öndvegi í samvinnu við heimili og skóla.

Ég er boðinn og búinn til að taka þátt í vinnuhópum og verkefnum sem stuðla að framúrskarandi skólastarfi sem og öðrum verkefnum sveitarfélagsins til framtíðar og leggja mitt af mörkum til að endurreisa traust innan skólasamfélagsins og samfélagsins í heild. Jafnframt kalla ég eftir farsælu samstarfi við foreldra sem og fyrrum starfsfólk skólans við endurbyggingu á skólanum.

BHS
Shi-Mr
GRS 75



Hér í Skaftárhreppi eigum mikinn í fjársjóð í framúrskarandi börnum sem við eigum að vera stolt af og styðja við heilshugar, áfram Kirkjubæjarskóli.

Liður 2: Sveitarstjórn staðfestir samhljóða, ráðningu Hólmfríðar G. Guðjónsdóttur í stöðu skólastjóra við skóla Skaftárhrepps.

Liður 3: Sveitarstjórn staðfestir samhljóða, breytingar á reglum um Ungmennaráð Skaftárhrepps.

Fundargerðin að öðru leiti lögð fram til kynningar.

3. 2411014 - Yfirkjörstjórn Skaftárhrepps

Lögð fram fundargerð Yfirkjörstjórnar Skaftárhrepps frá 5. nóvember 2024.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða, ákvörðun Yfirkjörstjórnar Skaftárhrepps, þess efnis að kjörfundur vegna Alþingiskosninga, þann 30. nóvember 2024, fari fram í fundarherbergi sveitarstjórnar að Klausturvegi 4, Kirkjubæjarklaustri.

4. 2410024 - Bergrisinn bs

Lögð fram fundargerð aðalfundar Bergrisans bs. frá 14. október 2024 ásamt skýrslu stjórnar, starfsárið 2023-2024, útkomuspá og fjárhagsáætlun 2025.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. 2410033 - Bergrisinn bs.

Lögð fram fundargerð 77. fundar stjórnar Bergrisans bs. frá 20. september 2024.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. 2410032 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Lögð fram fundargerð 614. fundar stjórnar SASS frá 4. október 2024.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. 2411011 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Lögð fram fundargerð 86. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu frá 29. október ásamt fjárhagsáætlun ársins 2025.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

BHS
Sni- 85
Ah
GBS



Mál til kynningar:

8. 2411005 - Árshlutayfirlit

Lagt fram árshlutayfirlit frá 1. janúar 2024 til 31. ágúst 2024.

Sveitarstjóri greindi frá árshlutauppgjöri Skaftárhrepps, fyrstu átta mánuði ársins. Skv. árshlutayfirlitinu var um sjötiú og þriggja (73) milljóna króna hagnaður af A og B hluta, sveitarfélagsins á tímabilinu.

9. 2411008 - Útkomuspá 2024

Kynnt útkomuspá ársins 2024.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Reiknað er með um sextíu og þremum og hálfri (63,5) milljóna hagnaði af A og B hluta á árinu 2024 ef áætlun gengur eftir.

10. 2410031 - Minnisblað Skógaskóli

Lagt fram minnisblað, dagsett 21. október 2024, sem oddviti Skaftárhrepps sendi eigendur Ytri-Skóga vegna Skógaskóla.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn Skaftárhrepps mótmælir samhljóða sölu ríkisins á Héraðsskólanum í Skógum og telur söluferlið og markaðssetningu eignanna ekki í samræmi við lóðarleigusamning og deiliskipulag. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra í samráði við fulltrúa Mýrdalshrepps að leita lögfræðilits á gjörningnum. Héraðsskólinn í Skógum eru menningarverðmæti og sveitarstjórn telur tækifæri til þess að hægt sé að hefja starfsemi sem væri í samræmi við þá hugsjón sem bjó að baki gjafagjörningi þegar Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu voru færð jörðin Ytri-Skógar að gjöf. Héraðsskólinn var hannaður af Guðjóni Samúelssyni og byggður fyrir tilstuðlan heimamanna sem unnu ötullega að framkvæmdum við húsið.

11. 2410034 - Vegagerðin

Lagt fram bréf frá Vegagerðinni, dagsett, 14. október 2024 vegna endurskoðun leiðarkerfis landsbyggðarvagna.

Bréf Vegagerðarinnar, lagt fram til kynningar.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:

12. 2406033 - Heima á Klaustri

Lagðar fram áætlanir um birtingu á auglýsingum verkefnisins Heima á Klaustri.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Lagðar voru fram þrjár tillögur frá Pipar um birtingu á efni sem tengjast verkefninu Heima á Klaustri. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að velja tillögu B og er sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

BHS
JG.
shj
Ar
GS



13. 2410029 - VSÓ ráðgjöf

Lagt fram bréf, dagsett 16. október 2024 frá VSÓ ráðgjöf, þar sem gefin er upp verkáætlun og verð í eftirlit og mælingar á urðunarstað sorps á Stjórnarsandi til að uppfylla kröfur Umhverfisstofnunar.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að semja við VSÓ ráðgjöf vegna eftirlits og mælinga á urðunarstað sorps á Stjórnarsandi og felur sveitarstjóra að undirrita samninga þess efnis.

14. 2410030 - Heimaþjónusta

Lagt er til að heimaþjónusta Skaftárhrepps færist til Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. Öll önnur sveitarfélög sem aðild eiga að félagsþjónustunni eru með sína heimaþjónustu undir henni.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu umsjón með heimaþjónustu Skaftárhrepps.

15. 2410028 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett, 28. október 2024, þar sem óskað er eftir samkvæmt 69.gr. kosningalaga nr. 112/2021 hvort sveitarfélagið vilji hafa utan kjörfundar atkvæðagreiðslu vegna Alþingiskosninga þann 30. nóvember 2024.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hafa utankjörfundaratkvæðagreiðslu á skrifstofu sveitarfélagsins á opnunartíma hennar. Atkvæðagreiðslan hefst mánudaginn 18. nóvember næstkomandi.

16. 2410027 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 29. október 2024, umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis Bæjar hf. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-C minna gistiheimili. Staðsetning gististaðarins er Nýibær.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

Sveinn Hreiðar Jensson vék af fundi undir þessum lið.

17. 2410023 - Arctic Adventures

Lagt fram bréf frá Arctic Adventures, dagsett 7. október 2024, þar sem Arctic Adventures óskar eftir viðræðum við sveitarfélagið vegna uppyggingar á íbúðahúsnaði í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn þakkar áhuga Arctic Adventures á að byggja íbúðahúsnaði á Kirkjubæjarklaustri. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

BTS JS
Shi-Ah
G3



18. 2410026 - Ferðafélagið Útivist

Lagt fram bréf, dagsett, 3. október 2024 ásamt drögum af samstarfssamningi, þar sem Ferðafélagið Útivist óskar eftir framhaldi á samstarfi um skála sveitarfélagsins við Sveinstind, Skælinga og Álftavötn.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, fyrirbyggjandi samstarfssamning við Ferðafélagið Útivist um skála sveitarfélagsins við Sveinstind, Skælinga og Álftavötn og felur sveitarstjóra að undirrita samninga þess efnis.

19. 2410025 - Bergrisinn bs.

Lagðar fram breytingar á samþykktum Bergrisans bs. til fyrri umræðu.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, fyrirbyggjandi breytingar á samþykktum Bergrisans bs. og vísar þeim til síðari umræðu í sveitarstjórn.

20. 2403001 - Staða viðræðna vegna lands Kirkjubæjar II

Lögð fram gögn vegna málsins.

Oddviti lagði til að fundi sveitarstjórnar yrði lokað undir þessum lið, skv. 16. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Var tillagan samþykkt samhljóða. Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Lögð voru fram drög af bréfi sem inniheldur meðal annars tilboð um kaup á landi, til landeiganda Kirkjubæjar II. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að bréfið verði sent til landeiganda og er Jóni Jónssyni, lögmanni sveitarfélagsins falið að vinna málið áfram.

21. 2411015 - Trúnaðarmál

Niðurstaða þessa liðar færð í trúnaðarbók sveitarfélagsins.

22. 2411009 - Sala eigna

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða heimild til handa sveitarstjóra að athuga með sölu á hluta jarðarinnar Á og jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða, heimild til handa sveitarstjóra að selja vöruskemmu undir bókfærðu verðmati hennar.

23. 2411010 - Minjastofnun Íslands

Lagt fram bréf, dagsett, 12. nóvember 2024 frá Minjastofnun vegna undirbúnings friðlýsingar fjögurra mannvirkja í Hólmi. Er sveitarfélaginu gefin kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við friðlýsingu mannvirkja á Hólmi og fagnar þessu verkefni.

BHS AL
Sni. J.S.
GSD



24. 2411012 - Starfsmannamál

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Lagt var fram bréf, dagsett, 31. október 2024 frá Dagnýju Kapítóla Gjörveraa, þar sem hún segir starfi sínu lausu sem fjármálastjóri sveitarfélagsins. Er sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

25. 2411013 - Minnisblað Ytri-Skógar

Lagt fram minnisblað, dagsett, 21. október 2024 frá oddvita Skaftárhrepps, sem sent var á Héraðsnefnd Rangæinga og Mýrdalshrepps vegna eignarhalds á jörðinni Ytri-Skógum.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn heimilar fyrir sitt leyti sveitarstjóra að undirbúa stofnun einkahlutafélags/stofna einkahlutafélag um eignina Ytri-Skógar sem er sameign Mýrdalshrepps, Skaftárhrepps og Héraðsnefndar Rangæinga, í félagi við þá meðeigendur sem hafa áhuga á stofnun slíks félags.

Sveitarstjórn heimilar sveitarstjóra að afturkalla fyrir hönd Skaftárhrepps umboð dagsett, 10. ágúst 2020 sem Rangárþingi eystra var veitt til að gefa út lóðarleigusamninga innan Ytri-Skóga, landnr. 163672.

Jafnframt heimilar sveitarstjórn, sveitarstjóra að rifta fyrir hönd Skaftárhrepps samkomulagi dagsettu 17. október 2019 um að Rangárþing eystra hafi fyrirvar og sjái um ráðstöfun og útleigu á því landi Ytri-Skóga sem þegar hafði verið deiliskipulagt.

26. 2411006 - Fjárhagsáætlun ársins 2025 fyrri umræða

Lögð fram fjárhagsáætlun ársins 2025 til fyrri umræðu.

Sveitarstjóri kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2025. Farið var yfir rekstur málaflokka, Eignarsjóðs og B hluta fyrirtækja. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa fjárhagsáætlun ársins 2025 til síðari umræðu.

27. 2411007 - Fjárhagsáætlun áráanna 2026, 2027 og 2028 fyrri umræða

Lögð fram fjárhagsáætlun áráanna 2026, 2027 og 2028.

Sveitarstjóri kynnti fjárhagsáætlun fyrir árin 2026, 2027 og 2028. Farið var yfir rekstur málaflokka, Eignarsjóðs og B hluta fyrirtækja. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa fjárhagsáætlun áráanna 2026, 2027 og 2028 til síðari umræðu.

Ab

BHS
Shir
GGS



28. 2411018 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
Þessi liður á dagskrá var færður til og var fyrsta mál fundarins. Oddviti lagði til að fundinum væri lokað skv. 16. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Var tillagan samþykkt með atkvæðum JG, GPS, BHS og AG, SHJ greiddi atkvæði á móti.
Til fundarins mættu Halldóra Guðlaug Helgadóttir, teymisstjóri skólaþjónustu og Sigurlaug Hauksdóttir, kennsluráðgjafi skólaþjónustu. Gerðu þær grein fyrir skólamálum. Sveitarstjórn þakkar skólaþjónustunni fyrir störf sín í þágu barna í samfélaginu. Skólaþjónusta þakkar það traust sem henni hefur verið sýnt í störfum sínum.
29. 2411016 - Kjörskrá Skaftárhrepps
Lögð fram til endanlegrar staðfestingar kjörskrá Skaftárhrepps, vegna kjörs til Alþingis, þann 30. nóvember 2024.
Sveitarstjórn staðfestir framlagða kjörskrá og felur sveitarstjóra að undirrita hana til notkunar á kjördegi, þann 30. nóvember 2024.

Skýrsla sveitarstjóra

30. 2411017 - Skýrsla 513. fundur

Sveitarstjóri gerði grein fyrir störfum sínum. Greindi hann meðal annars frá þeim framkvæmdum nú stæðu yfir og má þar nefna helst viðgerð á skólahúsnæði, Félagsheimilinu Kirkjuhvoli, þjónustuíbúðum við Klausturhóla. Jafnframt var greint frá því að byrjað væri á að endurnýja hurðir inn í kennslustofur, eru þær með brunabéttingum og glugga til að uppfylla kröfur, búið væri að endurnýja alla ljósakúpla á ljósastaurum í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri, svo eitthvað sé upptalið. Sveitarstjóri greindi frá því að hann hefði setið íbúafund með íbúum Meðallands og Álftavers, sem lögreglustjórinn á Suðurlandi boðaði til vegna uppfærslu á rýmingaráætlun Almanna- og Almannavarna.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 20.56.


Jóhannes Gissurarson


Björn Helgi Snorrason


Gunnar Pétur Sigmarsson


Auður Guðbjörnsdóttir


Sveinn Hreiðar Jensson